ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Fimmtudagur 6. ágúst 1998 • 31. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Vestfirðir

Þórður greiðir hæstu gjöldin

Þórður Júlíusson útgerðarmaður á Ísafirði er skattakóngur Vestfjarða í ár með heildarálagningu upp á tæpar 5,8 milljónir króna. Næst á eftir Þórði kemur sonur hans, Hjalti, sem þarf að greiða tæpar 5 milljónir króna í heildargjöld og þriðji gjaldahæsti einstaklingurinn á Vestfjörðum í ár er Guðni Albert Einarsson útgerðarmaður á Suðureyri með tæpar 4,3 milljónir króna í heildargjöld.

Álögð gjöld á einstaklinga að börnum frátöldum nema alls 2,2 milljörðum króna og hvílir álagningin á 6.441 einstaklingi. Álagning á börn nemur 1,9 milljónum króna, en lagt var á 214 börn. Helstu gjöld einstaklinga skiptast þannig að heildarútsvar er rúmlega einn milljarður, tryggingagjald tæpar 47 milljónir, fjármagnstekjuskattur tæpar 44 milljónir og eignarskattur tæpar 38 milljónir.

Þórður Júlíusson.

Auk álagningar á einstaklinga voru þeim ákvarðaðar greiðslur úr ríkissjóði að fjárhæð 175 milljónir króna, sem skiptast þannig að barnabætur nema rúmlega 120 milljónum og vaxtabætur tæplega 55 milljónum króna.

Sjá einnig blaðsíðu 2.

Sparisjóður Önundarfjarðar

Afmælishátíð á sunnudag

Sparisjóður Önundarfjarðar á Flateyri verður 80 ára á sunnudag. Af því tilefni er viðskiptavinum og velunnurum sparisjóðsins boðið til fjölskylduskemmtunar við íþróttamiðstöðina á staðnum frá kl. 15-19 á afmælisdaginn.

Á fjölskylduskemmtuninni mun hljómsveitin COR skemmta, boðið verður upp á harmonikkutónlist og gamanmál, hljómsveitin Hjónabandið mun skemmta og farið verður í ratleik og fleira sem Íþróttafélagið Grettir sér um. Í lok dagskrár verður síðan boðið upp á grillveitingar og fleira.

Það er von stjórnar sparisjóðsins og starfsmanna hans að sem flestir viðskiptavinir og velunnarar mæti til hátíðarinnar.

Leitin að ódýru sólpallaefni endar hjá Ágústi og Flosa!!!

ÓDÝRAR INNIHURÐIR
FURUFULNINGAHURÐIR M/KÖRMUM
LAKKAÐAR KR. 19.951,- • ÓLAKKAÐAR KR. 18.451,-
EINNIG SLÉTTAR INNIHURÐIR UNDIR MÁLNINGU - M/KARMI KR. 8.487,-

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR
Sími 456 5500

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Álagningarskrár sveitarfélaga í Vestfjarðaumdæmi

Þórður Júlíusson skattakóngur Vestfjarða í ár

Álagningarskrár sveitarfélaga í Vestfjarðaumdæmi árið 1998, vegna tekna og eigna ársins 1997, voru lagðar fram undir lok síðustu viku. Samkvæmt álagningarskránni nema heildargjöld einstaklinga í umdæminu samtals kr. 2.225.134.880.- að frátöldum börnum og hvílir álagningin á 6.441 einstaklingi sem er fækkun upp á 178 einstaklinga frá árinu áður. Á börn nemur álagningin samtals kr. 1.890.090.- og hvílir hún á 214 börnum.

Hæstu gjaldaliðir einstaklinga eru útsvar kr. 1.079.248.316., tekjuskattur kr. 979.842.117.-, tryggingagjald kr. 46.889.532, fjármagnstekjuskattur kr. 43.820.199.- og eignarskattur kr. 37.930.200. Auk álagningar á einstaklinga eru þeim ákvarðaðar greiðslur úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 175.010.967. Þær skiptast þannig að barnabætur nema kr. 120.260.644.- og vaxtabætur kr. 54.750.323. Álagningarskrárnar liggja frammi til 14. ágúst nk. á Skattstofu Vestfjarðaumdæmis að Hafnarstræti 1 á Ísafirði.

Hæstu gjaldendur á Vestfjörðum í ár eru Þórður Júlíusson útgerðarmaður á Ísafirði sem greiðir kr. 5.764.417.- í heildargjöld, sonur hans, Hjalti Þórðarson skipstjóri á Ísafirði, sem greiðir kr. 4.988.830.- og Guðni Albert Einarsson útgerðarmaður á Suðureyri, sem greiðir kr. 4.278.581. Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir á Ísafirði greiðir kr. 3.915.296.- í heildargjöld, Agnar Ebenesersson framkvæmdastjóri í Bolungarvík greiðir kr. 3.425.753.-, Barði Ingibjartsson skipstjóri í Súðavík greiðir kr. 3.388.772.-og Tryggvi Tryggvason framkvæmdastjóri á Ísafirði, sem hefur verið skattakóngur Vestfjarða síðastliðin tvö ár er í sjöunda sæti yfir hæstu skattgreiðendur í ár með heildargjöld upp á kr. 3.336.274. Þá kemur Sigurjón Guðmundsson tannlæknir á Ísafirði með kr. 3.319.146.-, þá Arnar Kristinsson framkvæmdastjóri á Ísafirði með kr. 3.151.679.- og tíunda sæti er Hrönn Árnadóttir á Patreksfirði með kr. 3.040.347.- í heildargjöld.

Hæstu greiðendur útsvars eru Þórður Júlíusson með kr. 1.530.615.-, Hjalti Þórðarson með kr. 1.478.123.-, Guðni Albert Einarsson með kr. 1.104.315.-, Þorsteinn Jóhannesson með kr. 1.080.759.-, Hrönn Árnadóttir með kr. 1.076.378.-, Agnar Ebenesersson með kr. 942.369.-, Kristján Þór Júlíusson fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar með kr. 881.710.-, Sigurjón Guðmundsson með kr. 858.530.-, Sigfús Ólafsson á Hólmavík með kr. 851.688.- og Kristján Haraldsson orkubússtjóri á Ísafirði með kr. 850.128.

Enn allt á huldu með útsendingar Sýnar á Ísafirði

Verður jólamessan fyrsta atriðið á dagskránni á Ísafirði?

Enn er óljóst hvenær útsendingar sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar hefjast á Ísafirði og hefur blaðinu ekki auðnast að fá neinar viðhlítandi upplýsingar um það, þrátt fyrir fjölmörg símtöl, þar sem hver vísar á annan og enginn veit neitt. Fyrir hálfum mánuði var talið öruggt að það yrði í þessum mánuði eða byrjun þess næsta, enda væri allur búnaður kominn til landsins og einungis stæði á því að tæknimenn Landssímans kæmu úr sumarfríum.

Tæknimenn á Ísafirði vísuðu á Landssímann fyrir sunnan, enda væru ákvarðanir teknar þar. Fyrir sunnan vísaði hver á annan og enginn vissi neitt og að lokum var aftur vísað á tæknimenn á Ísafirði. Hjá Sýn náðist ekki persónulegt samband við neinn sem vissi neitt um þetta, en símastúlka sem tók að sér að upplýsa málið kom að lokum með þau svör, að útsendingar á Ísafirði hæfust ekki fyrr en í nóvember eða desember. Hún gat þó ekki borið neinn fyrir þeim upplýsingum og verður varla öðru trúað en hún hafi rekist á einhverja ævagamla og úrelta áætlun.

Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi

Veiðin orðin jafnmikil og tvö síðustu ár samanlagt

Um 250 laxar voru í gær komnir á land úr Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi og nægur fiskur stökkvandi um alla á, að sögn Sigurjóns Samúelssonar á Hrafnabjörgum. Allt tímabilið í fyrra var veiðin 137 laxar og árið þar áður 112. Metveiði var árið 1978 þegar 710 laxar fengust í ánni og árið 1988 komu hátt á fimmta hundrað á land. Þokkalega gott vatn er í ánni og veiðihorfur góðar, enda fiskurinn enn að ganga og má búast við góðri göngu í komandi stórstraumi. Mest hefur veiðst á neðsta svæðinu í ánni. Veiðitímabilinu í Laugardalsá lýkur ekki fyrr en 12. september og má því ljóst vera, að veiðin í ár verður langtum betri en á síðustu árum.

Þjóðarkakan

Leiðari

Þessa dagana hafa fjölmiðlar birt úrtök úr skattskrám og kynnt skattakónga hinna ýmsu byggðarlaga fyrir lesendum sínum og áhorfendum. Þessi árlegi viðburður nýtur alla jafna stundar athygli, en fellur síðan í gleymskunnar dá líkt og svo margt annað, sem fer vel á milli tanna sé japlað á því með reglulegu millibili. Hið sama má segja um tekjur einstakra starfshópa þjóðfélagsins, sem af sama tilefni er brugðið upp. Hvað skyldi nú presturinn og læknirinn hafa þénað í fyrra? Innan fárra daga hafa menn gleymt því að meðal þegna þjóðfélagsins er að finna ótrúlega misskiptingu framtalinna launa.

Þessa dagana er lögð ofuráhersla á að selja Landsbankann og helst sænskum, sem sagðir eru hafa mikinn áhuga á að komast í bankarekstur á Íslandi. Kemur það á óvart því hingað til hafa útlendir ekki staðið í biðröðum til slíkra kaupa. Þessi snöggu sinnaskipti stjórnvalda og ákefð um sölu á Landsbankanum koma illa við þá óbreyttu þingmenn, sem kyngdu háeffinu eftir að matreiðslumeistarinn hafði talið þeim trú um að háeffið eitt og sér væri nauðsynlegt, sala bankans væri ekki á dagskrá næstu árin.

Þessa dagana herma skoðanakannanir að um helmingur þjóðarinnar kveðst hafa orðið var við góðærið margrómaða. Þessu skal ekki mótmælt. Hinsvegar dylst fáum að góðærið er staðbundið. Þeir eru ekki að flýja góðærið íbúar litla þorpsins, sem nýverið auglýstu tuttugu og tvö hús til sölu í veikri von um að komast í burtu. Grasið í kringum verslunarhallirnar, sem nú spretta hraðar en gorkúlur í þéttbýlinu fyrir sunnan, er miklu grænna í augum þeirra en í túnblettinum fyrir ofan sjávarkambinn heima. Enda munar Fjárfestingarbanka atvinnulífsins ekki um að lána 1030 milljónir og Landsbankann 610 milljónir til að stækka Kringluna og „ljúka miklu og sögulegu verki í verslunarsögu landsins" á sama tíma og við blasir að trillukarlarnir í þorpinu mega ekki róa til fiskjar nema í viku á fiskveiðiárinu, sem hefst í næsta mánuði.

Þessa dagana herma skýrslur opinberra aðila að kjör aldraðra á Íslandi fari batnandi. Er þar að finna rót þeirrar þenslu í hagkerfinu, sem nú heldur vöku fyrir leiðtogum samningaborðsins, sem sjá það helst til ráða að auka skattheimtu á ný til að draga úr eyðslu ellilífeyrisþega, öryrkja og meðaltekjumannsins?

Þessa dagana staðfestir skattskráin 1998 það sem flestir gleyma hina 360 daga ársins að þjóðarkökunni hefur alla tíð verið, er, og verður, misskipt milli þegnanna í alltof miklum mæli.

s.h.

Orkubú Vestfjarða

Djúpborun í Tungudal

Eins og greint hefur verið frá hér í blaðinu hefur Orkubú Vestfjarða látið bora grunnar könnunarholur víða um Skutulsfjörð í leit að vísbendingum um heitt vatn. Árangurinn af borunum í Tungudal lofar góðu í því efni, einkum við Bræðratungu en einnig ofar í dalnum. Þess vegna er nú fyrirhugað að bora eins kílómetra djúpa holu við Bræðratungu í haust.

Vestfirðir

Golf í ágústmánuði

Fjölmörg golfmót verða á vegum golfklúbbanna sex á Vestfjörðum í ágústmánuði. Þann 8. ágúst fara fram kvennamót á Bíldudal og á Þingeyri, 14.-16. ágúst fer fram Firmakeppni Golfklúbbs Ísafjarðar og 22. ágúst fer fram Klúbbakeppni Vestfjarða á Bíldudal og Riis-mótið á Hólmavík. Undir lok mánaðarins fer síðan fram stórmót um Ljónsbikarinn á Ísafirði þar sem leiknar verða 36 holur.

Frystikerfi ehf.

Með útibú á Ísafirði

Nýstofnað fyrirtæki í Reykjavík á sviði frysti- og kælikerfa hefur opnað aðsetur að Suðurgötu 9 á Ísafirði, í húsnæði Þryms ehf., en það fyrirtæki er meðal stofnaðila hins nýja fyrirtækis. Hið nýja fyrirtæki hefur að undanförnu m.a. séð um endurbyggingu á frystibúnaði í frystitogaranum Orra ÍS-20 sem kom til heimahafnar á Ísafirði í gærdag. Fjórir stofnaðilar eru að fyrirtækinu auk Þryms ehf.

Ísafjörður

Orri ÍS 20 kominn heim eftir miklar endurbætur á Spáni

– lenging, endurbætur og ný tæki fyrir nær 300 milljónir króna

Orri ÍS 20 fánum prýddur við bryggju á Ísafirði og orðinn rauður en var áður grænn.

Orri ÍS 20 kom í fyrrinótt til heimahafnar á Ísafirði eftir langa útivist í gagngerum breytingum í Vigo á Spáni. Skipið kom í höfn á Spáni á Þorláksmessu í vetur en verkið hófst 2. janúar. Að sögn Arnars Kristinssonar, framkvæmdastjóra Básafells hf., eiganda Orra, mun samanlagður kostnaður við breytingarnar og endurbæturnar vera nær 300 milljónir króna.

Skipið var lengt um 12,6 metra og er nú 63,8 m langt. Sett var í það nýtt ammoníaksfrystikerfi, frystipressur og allt því tilheyrandi, sem tekið var úr Norðurtangahúsinu, svo og nýtt komplett vinnsludekk fyrir rækju, en í því eru tveir lausfrystar og sex plötufrystitæki. Einnig var skipt um skrúfugír, skrúfu og skrúfuhring, 1000 kílóvatta ljósavél sett í skipið, nýir rafalar við aðalvél, þrjú ný togspil og sex ný grandaraspil. Skipt var um alla glugga í brúnni, hún hækkuð upp um 60 cm og öll innréttuð upp á nýtt. Íbúðir voru lagfærðar, gerð ný setustofa og borðsalur.

Vinnslulínan á millidekkinu er frá fyrirtækinu 3X-Stál á Ísafirði, hönnuð, smíðuð og sett í af starfsmönnum þess og mun kostnaður við það verk út af fyrir sig nema um 40 milljónum króna. Tækin frá 3X-Stáli og frystitækin voru flutt í gámum út til Spánar og sett í þar.

Lítilsháttar frágangur er eftir við vinnslutækin í Orra og „smávegis snurfus“ eins og Arnar orðaði það, en áætlað er að skipið haldi á veiðar á fimmtudag eftir rétta viku, fyrst á rækju fyrir norðan land fram að mánaðamótum en síðan á Flæmingjagrunn.

Valgeir Bjarnason skipstjóri á Orranum í nýinnréttaðri brúnni.

Séð úr brúnni aftur eftir skipinu.

Jóhann Jónasson framkvæmdastjóri hjá 3X-Stáli við vinnslulínuna frá fyrirtæki sínu um borð í Orra.

Flugstöðin á Ísafjarðarflugvelli vígð eftir um tvo mánuði

Heildarkostnaður um sjötíu milljónir króna

Stefnt er að því að formleg vígsla flugstöðvarinnar á Ísafjarðarflugvelli eftir gagngerar breytingar og endurbætur verði nálægt mánaðamótunum september-október eða eftir um tvo mánuði, en dagsetning er enn óákveðin, segir Guðbjörn Charlesson, umdæmisstjóri Flugmálastjórnar og flugvallarstjóri á Ísafirði.

Enn eru ýmis verk ófrágengin og lausir endar og einnig er eftir að útvega húsgögn. Ár er liðið frá því að framkvæmdir hófust, en verktaki er Naglinn ehf. á Ísafirði. Í rauninni má segja, að hér sé um nýtt hús að ræða, miklu fremur en endurbætur, og því þykir rétt að halda upp á þessi tímamót með hátíðlegri athöfn. Heildarkostnaður liggur ekki fyrir, en að líkindum verður hann um 70 milljónir króna.

Ísafjarðarflugvöllur.

Lögreglan

Sallafín verslunarmannahelgi

Helgin var sallafín og róleg í Ísafjarðarbæ að sögn lögreglunnar, eins og venjulega um verslunarmannahelgar, ekkert kom upp á og engin slys. Einn bíll með áhöfn var lánaður yfir í Strandasýslu, en þar var meira að gera og nokkuð um hraðakstur og ölvunarakstur.

„Sköpun 1998" í Slunkaríki og Edinborgarhúsinu

ÞRJÁR ÍSFIRSKAR FRÆNKUR SÝNA VERK SÍN

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir, Katrín Bára Elvarsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir og Bárður Halldórsson fyrrverandi menntaskólakennari, bróðir Guðrúnar, sem flutti ávarp við opnun sýningarinnar. Þess má geta, að þær Guðbjörg og Katrín eru systradætur Guðrúnar.

Myndlistarsýningin „Sköpun 1998" var opnuð samtímis í Gallerí Slunkaríki og Edinborgarsalnum nýja á Ísafirði sl. miðvikudag og voru á þriðja hundrað manns við opnun sýningarinnar. Sýnendur eru þrjár listakonur sem allar eru ísfirskar að uppruna og auk þess náfrænkur. Verk þeirra eru af mjög ólíkum toga.

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir sýnir skartgripi úr gulli, silfri, steinum, gleri og plasti. Hún lærði fyrst gullsmíðar hjá Dýrfinnu Torfadóttur á Ísafirði, síðan í Iðnskólanum en fór svo til Danmerkur, þar sem hún lauk hönnunarnámi frá Institut for Ædelmetal í Kaupmannahöfn árið 1996. Þar stofnaði hún, ásamt sex öðrum listamönnum, vinnustofuna Au-Art, sem hefur vakið athygli fyrir frumlega og skemmtilega vinnu. Einnig er hún í félagsskapnum G-7, en það er hópur sjö listamanna sem sýnt hafa skartgripi víða um Evrópu. Guðbjörg hefur hlotið fjölda styrkja og unnið til verðlauna fyrir hönnun sína. Skartgripir Guðbjargar eru byggðir á hugmyndum frá íslenskum háfjallagróðri.

Þetta er þriðja samsýning hennar á Íslandi.

Guðrún Halldórsdóttir fékk sína fyrstu tilsögn í leirlist í Boulder í Colorado á árunum 1986-87. Hún hefur búið í Bandaríkjunum frá 1990 og stundað list sína. Guðrún lauk „Associate in Arts Degree" frá Brookdale Community College og hefur numið á námskeiðum hjá ýmsum þekktum listamönnum í greininni. Verk Guðrúnar hafa verið sýnd á fjölda sýninga í New York, New Jersey og Pennsylvaníu á undanförnum árum og listmunir hennar eru jafnan til sýnis í Gallery Hrefna Jónsdótir í Lambertville í New Jersey. Guðrún er í hópi íslenskra listamanna, sem „The Icelandic Art Connection" kynnir í Bandaríkjunum og hefjast sýningar á verkum þeirra í sýningarsölum í Los Angeles síðar á þessu ári. Viðfangsefni Guðrúnar eiga sér yfirleitt rætur í íslenskri náttúru eða arfleifð og eru m.a. kletta- og fjallastrúktúrar, víkingaskip og huldufólksímyndir. Stíll Guðrúnar hefur mótast við tilraunir með efni og form og ekki eru farnar troðnar slóðir. Við lokabrennslu gripanna notar hún m.a. eldivið, sag, hey, hafra og ýmis jarðefni.

Katrín Bára Elvarsdóttir lauk háskólanámi í frönskum bókmenntum en lagði síðan stund á nám í ljósmyndun í Bandaríkjunum og útskrifaðist frá Art Institute of Boston árið 1993. Myndir hennar hafa birst í fjölda blaða og tímarita víða um heim og hún hefur haldið fjölda sýninga.

Katrín er nú búsett í Danmörku en starfar við ljósmyndun bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Myndir hennar á sýningunni á Ísafirði eru handmálaðar polaroidþrykkmyndir, byggðar á litskyggnumyndum sem hún tók í Prag á síðasta ári. Viðfangsefni myndanna eru menning, saga, trúarbrögð og arkitektúr. Þennan myndstíl hefur Katrín verið að þróa undanfarin fimm ár.

Verk listakvennanna þriggja eru mjög óvenjuleg og mega teljast einstök að hönnun og tækni við vinnsluna, hver í sínum flokki. Eða eins og einn gesta við opnunina sagði: „Öðruvísi en allt annað sem þekkt er í leirlist!"

Sýningin er opin kl. 16 til 18 alla daga fram til 12. ágúst og auk þess er hún opnuð fyrir áhugasama eftir hentugleikum. Í Slunkaríki eru fáir valdir gripir eftir hverja listakvennanna, en flest verkanna eru í Edinborgarsalnum. Um fjórðungur verkanna á sýningunni seldist tvo fyrstu dagana sem hún var opin.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Árholt 12 – Úlfsá: 183,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum, uppgert að mestu. Áhv. ca. 2,7 millj. **Verð kr. 10,800,000,-**
Fjarðarstræti 33: 176,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður. Ekkert áhvílandi. **Verð kr. 8,500,000,-**
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj. **Verð kr. 11,600,000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Áhv. ca. 2,7 millj. **Verð kr. 12,000,000,-**
Hafraholt 10: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,8 millj. **Verð kr. 9,300,000,-**
Hjallavegur 19: 242 m² einb.-hús á 2. hæðum ásamt innb. bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. **Verð kr. 11,500,000,-**
Hlíðarvegur 26a: 120 m² timbur-klætt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er óklárað. Áhv. ca. 2,1 millj. **Verð kr. 6,700,000,-**
Hlíðarvegur 43: 186 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Áhv. ca. 1,3 millj. **Verð kr. 8,800,000,-**
Lyngholt 8: 138 m² einb.hús á einni hæð + 31 m² bílsk. Nýtt parket ný málað Skipti möguleg. Áhv. ca. 5,5 millj. **Verð kr. 10,800,000,-**
Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Áhv. ca. 700 þús. **Verð kr. 12,700,000,-**
Seljalandsvegur 69: 180,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Áhv. ca. 1,5 millj. **Verð kr. 9,500,000,-**
Seljalandsvegur 72: 112 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Áhv. ca. 4,3 millj. **Verð kr. 8,500,000,-**
Skólavegur 1: 62,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkhjalli. Áhv. ca. 3 millj. **Verð kr. 3,700,000,-**
Tangagata 6a: 99.7 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Laust fljótlega. Öll tilboð skoðuð. Áhv. ca. 1,5 millj. **Verð kr. 6,800,000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt uppgerðum geymsluskúr. Laust fljótlega. Áhv. ca. 3,3 millj. **Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Skipti á stærri eign möguleg. Áhv. ca. 3,2 millj. **Verð kr. 5,500,000,-**
Urðarvegur 27: 190,5 m² einb. á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Ekkert áhvílandi. **Tilboð**
Engjavegur 31: 92,1 m² 4 herb. íbúð á n.h. í tvíb.húsi. Mikið uppgerð, skipti á stærri eign möguleg. Áhv. ca. 2,2 millj. **Verð kr. 5,500,000,-**
Fjarðarstræti 4: 120 m² 4 herb. íbúð á 3. hæð í fjölbýli. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. **Verð kr. 6,500,000,-**
Fjarðarstræti 11: 131 m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 3,8 millj. **Verð kr. 6,800,000,-**
Hnífsdalsvegur 27: 182 m² glæsileg íbúð með parketi og harðviðarinnréttingum. Einnig 415 m² iðnaðar- og viðgerðarhúsnæði ásamt lagerhúsnæði. **Tilboð óskast**
Silfurtorg 1: 150 m² 4-5 herbergja íbúð á 3ju hæð í tvíbýlishúsi ásamt íbúðarlofti. Mikið uppgerð. Áhv. ca. 3,8 millj. **Verð kr. 8,000,000,-**
Sólgata 5: 102 m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 3,5 millj. **Verð kr. 5,000,000,-**
Sólgata 8: 101,7 m² 3-4ra herb. íbúð á e.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi kjallara og rislofts. Áhv. ca. 850 þús. **Verð kr. 7,000,000,-**
Stórholt 9: 164,3 m² 6 herb. íbúð á 1.h.t.v.+kjallara m/sér inngangi. Hægt að ganga í garð af svölum. Áhv. ca. 3,8 millj. **Verð kr. 8,000,000,-**
Stórholt 13: 123 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýli ásamt bílskúr. Verið er að gera íbúðina upp. Áhv. ca. 567 þús. **Verð kr. 7,800,000,-**
Túngata 18: 89,2 m² 4ra herb. íbúð í fjölb.húsi í góðu standi. Húsið allt uppgert. Mögul.sk. á minni. Áhv. ca. 3,5 millj.

Móholt 9:
152,4 m² einb.hús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust strax. Skipti á minni eign möguleg. Áhv. ca. 4 millj.
Verð kr. 11,500,000,-

4-6 herbergja íbúðir

3ja herbergja íbúðir

Verð kr. 6,900,000,-
Sólgata 8: 80 m² íbúð í góðu standi á neðri hæð í fjölbýlishúsi. Áhv. ca. 3 millj. **Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 11: 80 m² íbúð í góðu standi á 3. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,5 millj. **Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 3 millj. **Verð kr. 6,000,000,-**
Túngata 21: 84,9 m² íbúð á 1. hæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Áhv. ca. 3,8 millj.

2ja herbergja íbúðir

Verð kr. 6,500,000,-
Aðalstræti 20: 94 m² íbúð á 4. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 1,8 millj. **Tilboð óskast**
Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,9 millj.
Verð kr. 6,200,000,-
Túngata 12: 62 m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi, uppgerð að mestu. Skipti á stærri eign möguleg. Áhv. ca. 700 þús. **Verð kr. 3,900,000,-**
Urðarvegur 78: 73,2 m² íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,7 millj. **Verð kr. 5,400,000,-**
Austurvegur 1: 103,4 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. Fallegt útsýni. Laust fljótlega. **Verð kr. 5,500,000,-**

Atvinnuhúsnæði

Breytingar á Baðstofunni á Ísafirði

Býður upp á sama verð og í Reykjavík

Lína Björk Sigmundsdóttir og Helga Einarsdóttir, eigendur Baðstofunnar, í búðinni eftir breytingarnar.

Verslunin Baðstofan að Silfurgötu 6 á Ísafirði hefur nú aukið þjónustu við viðskiptavini sína og hafa verið gerðar miklar breytingar á versluninni. Fötin frá franska fyrirtækinu „Du pareil au même“ hafa fengið aukið rými og eru nú allar innréttingar og útlit eins og er um allan heim hjá þessu fyrirtæki.

„Okkur þykir það mjög ánægjulegt að geta boðið viðskiptavinum okkar upp á þessa skemmtilegu vöru á sama verði og er í Reykjavík“, sagði Lína Björk Sigmundsdóttir í samtali við blaðið, en hún á og rekur Baðstofuna ásamt Helgu Einarsdóttur.

„Du pareil au même“ er ekki nema fimmtán ára gamalt fyrirtæki. Því hefur vaxið mjög fiskur um hrygg vegna þess að það býður gæðavöru á vægu verði og er nú með verslanir í mörgum löndum Evrópu og víðar, en enga á Norðurlöndum utan Íslands, enn sem komið er. Baðstofan er eina verslunin með þessa vöru utan Reykjavíkur.

Ísafjarðarkirkja

Kammersveit Kaupmannahafnar heimsækir Ísafjörð

Kammersveit Kaupmannahafnar (Københavns Kammerensemble) heldur tónleika í Ísafjarðarkirkju næstkomandi þriðjudag, 11. ágúst, og hefjast þeir kl. 20.30. Kennimark sveitarinnar er blanda af gamalli barokktónlist og nýjum verkum, eins og vel kemur fram í efnisskrá hennar á þessu sumri. Af eldri barokkmeisturum sem eiga verk á tónleikum sveitarinnar má nefna Svíann Johan Helmich Roman, en eftir hann er leikin svíta úr þekktasta og dáðasta verki hans, Dronningholmsmusiken. Einnig má nefna Þjóðverjann Georg Philipp Telemann og franska tónskáldið Loeillet, sem einkum er þekktur fyrir flaututónlist.

Kammersveitin hefur haft nána samvinnu við ýmis tónskáld nútímans, einkum norræn. Með stuðningi norræna menningarsjóðsins NOMUS hefur sveitin pantað og flutt verk eftir m.a. Þorkel Sigurbjörnsson, Oddvar S. Kvam og Misti Þorkelsdóttur.

Í Íslandsferð sveitarinnar að þessu sinni er í fyrsta skipti flutt á Íslandi verk Mistar Þorkelsdóttur, Pottaseiður, sem samið er undir áhrifum frá heita pottinum hjá föður hennar, Þorkeli Sigurbjörnssyni tónskáldi, þegar semballeikarinn Steen Lindholm var þar í heimsókn. Hann spurði Misti í pottinum hvort hún gæti hugsað sér að semja verk fyrir Kammersveit Kaupmannahafnar, og útkoman varð Pottaseiður, þar sem tónlistin ólgar og vellur. Verkið var frumflutt í Kaupmannahöfn í febrúar og hlaut afar góðar viðökur.

Kammersveit Kaupmannahafnar.

Tónlistarfélag Ísafjarðar

Sumartónleikar í Ísafjarðarkirkju

Hjónin Inga Rós Ingólfsdóttir sellóleikari og Hörður Áskelsson orgelleikari halda tónleika í Ísafjarðarkirkju á vegum Tónlistarfélags Ísafjarðar á sunnudagskvöldið, 9. ágúst, og hefjast þeir kl. 20.30. Efnisskráin er afar fjölbreytt og verða flutt verk eftir bæði íslensk og erlend tónskáld: Pál Ísólfsson, Áskel Jónsson, Jónas Tómasson, Karl Höller, Camille Saint-Saëns og Joseph Rheinberger.

Inga Rós Ingólfsdóttir stundaði sellónám í Reykjavík og Düsseldorf og lauk prófi frá Tónlistarháskólanum þar árið 1981. Hún hefur verið fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1982, en hefur einnig verið mjög virk í flutningi kammertónlistar.

Hörður Áskelsson stundaði tónlistarnám á Akureyri og í Reykjavík og síðan framhaldsnám í Düsseldorf, en þaðan lauk hann organista- og kantorsnámi vorið 1981. Ári síðar var hann ráðinn organisti og kantor við Hallgrímskirkju í Reykjavík og stofnaði Mótettukórinn sama haust. Nýlega komu út þrír hljómdiskar, þar sem hann stjórnar Mótettukórnum og leikur á Klais-orgelið í Hallgrímskirkju. Einn þeirra hefur að geyma hljóðritun á orgelverkinu „Dýrð Krists“ eftir Jónas Tómasson, sem samið var að tilhlutan Ísafjarðarkirkju og frumflutt við vígslu hins nýja orgels kirkjunnar.

ÍSAFJARÐARBÆR

UMHVERFISNEFND

Í tilefni af umhverfisátaki Ísafjarðarbæjar hefur umhverfisnefnd ákveðið að auglýsa eftir tilnefningum á fegurstu görðum og lóðum einstaklinga og fyrirtækja í bæjarfélaginu. Umhverfisnefnd mun síðan veita þeim viðurkenningu sem fá flestar tilnefningar og að mati umhverfisnefndar eiga fegursta garðinn eða lóðina.

Tilnefningar berist bæjarskrifstofunni eigi síðar en 11. ágúst nk.

Bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING UM BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐAR 1989-2009

Samkvæmt 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1887 m.s.br. er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu aðalskipulags Ísafjarðar 1989-2009 vegna breyttrar landnotkunar á Eyrinni.

Breytingin felst m.a. í breyttri landnotkun á reit sem afmarkast af Norðurvegi, Austurvegi, Aðalstræti og húseigninni Austurvegi 2, þannig að honum verði breytt úr verslun og þjónustu í blandaða notkun verslunar, þjónustu og opinberra bygginga.

Breytingatillagan ásamt greinargerð liggur frammi almenningi til sýnis á bæjarskrifstofunni, Hafnarstræti 1, frá og með 29. júlí sl., til 19. ágúst nk.

Athugasemdum skal skila skriflega til tæknideildar Ísafjarðarbæjar fyrir 2. september nk.

Þeir sem ekki gera skriflegar athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Bæjarverkfræðingur.

Atvinna

Starfsfólk óskast í nokkrar vikur til afleysinga, aðallega í ræstingar. Vaktavinna.

Upplýsingar veitir hótelstjóri.

Hótel Ísafjörður.

Ísafjarðarkirkja.

ÍSLAND Í AMERÍKU

– SAMTAL VIÐ ÍSFIRSKU LISTAKONUNA GUÐRÚNU HALLDÓRSDÓTTUR OG EIGINMANN HENNAR, ÁRNA SIGURÐSSON

Eins og fram kemur annars staðar hér í blaðinu stendur nú yfir sýning þriggja listakvenna í Gallerí Slunkaríki og nýja Edinborgarsalnum á Ísafirði. Þær eiga það sameiginlegt, að hafa allar byrjað listnám sitt í Bandaríkjunum, eru allar búsettar erlendis og hafa allar náð ótrúlegum árangri á tiltölulega skömmum tíma. Auk þess eru þær náfrænkur – þær Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir og Katrín Bára Elvarsdóttir eru systradætur Guðrúnar Halldórsdóttur. Listsköpun þeirra er af mjög ólíkum toga, hvort sem litið er á efnivið, vinnubrögð eða mótíf. Það er sérkennileg tilfinning að ganga um salinn í Edinborgarhúsinu og virða fyrir sér samspil og samhljóm þessara gerólíku listaverka, skartgripa, leirlistar og ljósmynda, sem út af fyrir sig gerir þessa sýningu einstæðan viðburð.

Það var alls ekki auðvelt að fá hjónin Guðrúnu Halldórsdóttur og Árna Sigurðsson í þetta viðtal. Guðrún er ákaflega treg að tala um sjálfa sig og list sína – hún vill frekar láta verkin tala. Árni kveðst á hinn bóginn vera aukapersóna í þessari Íslandsferð – hann sé einungis að koma með eiginkonu sinni og aftekur að vera með á forsíðumynd. Hins vegar leynir sér ekki hversu stoltur hann er af Guðrúnu og list hennar – og hann má alveg vera það. En niðurstaðan verður sú, að við hittumst snemma að morgni frídags verslunarmanna í sýningarsalnum í Edinborgarhúsinu og spjöllum saman.

Við opnun sýningarinnar kom fjölmargt fólk til Ísafjarðar gagngert til að vera við opnunina. „Það er sérstakt gleðiefni að fólk skuli hafa svona mikinn áhuga á því sem þessar listakonur eru að gera“, segir Árni.

Guðrún er leirlistakona og skapar skúlptúra en framleiðir ekki nytjalist. Hún selur verk sín í galleríi í New Jersey á austurströnd Bandaríkjanna, þar sem fjölskyldan hefur búið síðustu átta árin. Síðan sýningin var opnuð hér á Ísafirði hafa tvö gallerí í Reykjavík þegar haft samband við Guðrúnu til þess að fá verk hennar til sýningar og sölu. Einnig má nefna, að Guðrún er í hópi ellefu íslenskra listamanna, sem nefnir sig The Icelandic Art Connection og munu sýningar á verkum þeirra hefjast í Los Angeles í haust.

Íslensk sköpun í Ameríku

Þegar gengið er um sali og verk Guðrúnar skoðuð, verður sú tilfinning ekki umflúin, að sköpunarverk hennar séu íslenskrar ættar. Náttúra, saga og þjóðtrú öðlast líf í verkum hennar og einhvern veginn virðist manni sem listakonan sé að búa til sitt Ísland í Ameríku. Hún er og verður Íslendingur og þó fyrst og fremst Ísfirðingur, hvar sem hún býr. Það sannast á verkum hennar, að maðurinn sem tilfinningavera þarf ekki að fjarlægjast uppruna sinn, þótt höf og lönd og álfur séu á milli. Heimur tækni og hraða leggur þeim lið sem vill næra rætur sínar af jarðveginum þar sem þær uxu fyrst. Guðrún, eins og svo margir aðrir sem fengu notið bjarmans af eldi hugsjónamannanna sem Ísafjörður er svo frægur fyrir, er heimabyggðinni trú og ber hróður hennar hvert sem hún fer.

Nöfnin á skúlptúrum Guðrúnar segja sína sögu: Hvítserkur, Nökkvi, Knörr, Vikivaki, Barði, Ormurinn langi, Hulduheimar, Dvergheimar, Haugeldur, Vétt, Targa…

Listamannsæðin

Fyrst spyr ég Guðrúnu: – Hefurðu vitað af listamannsæðinni í þér alla tíð?

„Ég hef alla ævi haft mikla þörf fyrir einhverja listræna sköpun, þótt það hafi ekki komið fram í þessari mynd. Ég hef alltaf verið mikið gefin fyrir handavinnu af ýmsu tagi.“

– Ástæðan fyrir því að þú fórst upphaflega í listnám í Bandaríkjunum fyrir rúmum áratug…

„Við fórum til ársdvalar í Colorado árið 1987 og þá byrjaði ég að vinna í leir. Ég fór á námskeið, aðallega til þess að stytta mér stundir, og fannst þetta mjög spennandi. Við komum síðan aftur heim til Íslands og vorum hér í tvö ár, en þegar við fluttumst aftur til Bandaríkjanna fyrir átta árum, þá byrjaði ég í listnáminu.“ Guðrún stundaði nám í Brookdale Community College og vann þar einnig sjálfstætt undir stjórn Ed Stein prófessors. Auk þess hefur hún numið á mörgum námskeiðum hjá þekktum listamönnum í greininni. List sína hefur hún síðan stundað óslitið seinni árin.

Skyldi Guðrúnu hafa órað fyrir því, þegar þau fóru til ársdvalar fyrir vestan haf á sínum tíma, að hún ætti eftir

að verða íslensk listakona í Bandaríkjunum?

„Nei!“

Fyrst er að læra, síðan að skapa sjálfur

– Hvað einkennir það sem þú ert að gera? Þú ert að gera eitthvað annað og meira en bara það sem þú hefur lært af öðrum. Þú kemur með eitthvað til viðbótar frá sjálfri þér…

„Já, ég held að ég megi segja að ég sæki hugmyndirnar mínar allar hingað heim. Þessi verk eru öll forbrennd á hefðbundinn hátt en síðan fer seinni brennslan fram úti í garði hjá okkur, þar sem ég brenni hlutina í sagi og höfrum og öllu mögulegu og læt þá malla þar í sólarhring.“

– Úti í garði…?

„Já, þar eru ofnar sem Árni hlóð fyrir mig. Þetta er ákaflega skemmtileg brennsla, því að maður veit aldrei hvaða liti maður fær. Það er alltaf spennandi að opna ofninn og sjá útkomuna.“

Ólík list og fer vel saman

– Hvernig kom það til að þið frænkurnar efnduð til þessarar sýningar saman?

„Hugmyndin að henni kom frá Guðbjörgu Kristínu. Mér fannst þetta góð hugmynd, en gerði mér reyndar ekki grein fyrir því hversu mikið verkefni þetta yrði. Ég er samt mjög fegin að hafa látið verða af þessu. Verkin á þessari sýningu falla mjög vel saman, enda þótt þetta sé svo ólík list, og ef til vill einmitt þess vegna.“

Guðrún hefur ekki sýnt heima á Íslandi áður, en hefur haldið fjölda sýninga vestan hafs. En hefði komið til greina að halda fyrstu sýninguna á Íslandi annars staðar en heima á Ísafirði?

„Nei, eiginlega ekki. Ég er mjög ánægð með það og viðtökurnar hafa verið góðar, alveg ótrúlega góðar, finnst mér. Ég hef fundið það á fólki, að það átti von á einhverju allt öðru. Það er mikið verið að gera af nytjahlutum, og kannski hefur fólk frekar búist við einhverju slíku en þessum stóru verkum.“

Heima í leit að innblæstri

Öll verk Guðrúnar á sýningunni eru unnin á síðasta einu og hálfu ári eða svo, nema Vikivaki – dansandi fólk. Reyndar sæju einhverjir þar frekar Drangaskörð en dansandi fólk…

Árni: „Ætli Guðrún sé ekki hérna heima í og með í leit að mótífum og innblæstri. Við vorum í Skálavík í gær og það var gaman að horfa þaðan út á sjóinn. Í New Jersey horfum við líka út á Atlantshafið af ströndinni og sjáum þar hafsbrúnina mæta himninum allan hálfhringinn, en ekki innrammaða í fjöll eins og hér. Náttúran hérna heima vekur hjá manni aðrar og alveg sérstakar tilfinningar. Það held

Árni Sigurðsson við eitt verka eiginkonu sinnar.

ég að Guðrún sé að einmitt að upplifa og meðtaka hérna heima.“

Guðrún: „Þegar maður fer í burtu, þá verður tilfinningin fyrir landinu sterkari.“

– Saknarðu Íslands, Vestfjarða, Ísafjarðar, fjallanna?

„Auðvitað sakna ég landsins, en mest sakna ég fólksins, ættingja minna, vina og kunningja.“

Verkunum fylgja sögur

– Ertu að búa þér til Ísland í Ameríku með verkum þínum?

„Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja um það.“

Árni: „Ef ég má botna, þá held ég að hún sé að því, vitandi eða óafvitandi, að sækja mótífin í íslenska náttúru, íslenska sögu, íslenskar þjóðsögur. Það hefur til dæmis vakið mjög mikla athygli í Bandaríkjunum, sem hún lætur frá sér fara með þessum verkum. Með víkingaskipunum hefur hún látið fylgja ágrip af sögunni af því þegar Leifur heppni fann Ameríku…“

Guðrún: „Með huldufólkskúlunum læt ég fylgja íslenskar huldufólkssögur.“ Og listakonan bendir á verkið Hulduheima, huldufólkssteina með gluggum og myndum af óljósum dansandi verum líkt og í draumsýn. Í hugann kemur Ólafur liljurós, þar rauður loginn brann, og það er eins og kvikni líf í þessum einkennilegu og hörðu en þó mjúku steinkúlum. „Fólki finnst óskaplega gott að koma við þessar kúlur – og ég vil að fólk komi við verkin mín.“

Ekki bannað að snerta!

– Það er ekki bannað að snerta…

„Nei, alls ekki! Ég hvet fólk þvert á móti til að snerta þau.“ Og við göngum um salinn og snertum verkin og strjúkum þau og finnum mýktina í hörkunni.

– Eitthvað sem þú sækir til hvalanna? Mér finnst það einhvern veginn í sumum verkunum…

„Það segja nú margir að þetta minni á hvali. En þegar ég byrjaði á þessu var ég alls ekki að hugsa um hvali, heldur fjöll, og þetta heitir einmitt Fjallabök…“

– Nú eruð þið þrjár, nafrænkurnar, sem haldið þessa sýningu saman á þessum afskaplega ólíku verkum. Hafið þið átt eitthvert samstarf í listinni eða er það bara þessi sýning sem leiðir ykkur saman?

„Við höfum ekkert unnið saman, en hvort þetta er fyrsta samsýningin okkar af mörgum veit ég ekki. Mér finnst þetta fara ákaflega vel saman, að minnsta kosti í þessum sal, og það getur vel verið að við höldum saman fleiri sýningar.“

– Ég spurði áðan hvenær þú hefðir uppgötvað listamannsæðina. Eru listrænir hæfileikar og áhugi á listum ríkir í þínu fólki?

„Já, það má segja það, en einkum eru það systkinabörnin mín sem fást við slíkt, þó að fleiri náskyldir hafi fengist við málaralist. Já, þegar ég fer að hugsa um þetta, þá eru nokkuð margir af mínu fólki sem hafa fengist við listir.“ Því má bæta við, að Bárður Halldórsson, bróðir Guðrúnar, hefur verið listaverkasali og listaverkasafnari og bókasafnari til fjölda ára.

Verk Guðrúnar einstök í sinni röð

– Þið búið í New Jersey…

Árni: „Já, við búum í litlum bæ sem heitir Tinton Falls, einn af hundruðum slíkra á þessu svæði. Við erum í fjörutíu mílna fjarlægð frá New York, þannig að það tekur okkur um klukkutíma í lest eða akandi að komast inn á Manhattan. Það er vissulega gríðarlega mikils virði fyrir Guðrúnu að vera í nágrenni við alla þá listsköpun og tilraunastarfsemi í listum sem þar fer fram. Bæði vegna atvinnu og okkur til ánægju ferðumst við mikið upp og niður austurströndina og víðar um Bandaríkin. Ég segi kannski öllu meira en Guðrún, því að hún er svo hógvær, en við höfum komið í gallerí í Washington, New York, Alexandria, Boston, Minneapolis og Los Angeles, og einnig í Santa Fe í New Mexico, sem er Mekka leirlistarinnar í Bandaríkjunum. Við höfum víða séð mjög fallega „sculptural“ leirlist af öllu tagi, en ég held því óhikað fram, að það sem Guðrún er að gera sé einstakt í sinni röð. Það verður hver og einn að gera upp við sig hvort honum þykir þessi verk fallegri en önnur eða ekki, en þau eru vissulega öðruvísi. Það er samdóma álit allra sem hafa séð verkin hennar og bera skyn á þessa listgrein, að þetta sé öðruvísi en allt annað sem þeir hafa séð. Hrefnu Jónsdóttur, sem rekur gallerí í Lambertville í New Jersey, finnst list Guðrúnar svo sérstök, að hún lagði á sig ferðalag frá Bandaríkjunum einungis til að vera við opnun þessarar sýningar hér á Ísafirði. Það eitt er vissulega alveg sérstakur heiður.“

Brennir á laun í garðinum!

– Þú nefndir að þú værir með ofna úti í garði fyrir seinni brennsluna á verkunum. Þið búið þá væntanlega í einbýlishúsi í úthverfi…

„Já. Auðvitað má ég í raunninni ekki gera þetta! Ég kveiki í ofninum þegar orðið er dimmt svo að reykurinn sjáist ekki!“

Árni: „Um það leyti sem nágrannarnir fara að kveikja í útigrillinu á sumrin eða kynda upp í arninum á veturna, þá kveikir Guðrún í ofninum.“

– Er aðferðin við þessa brennslu þín eigin uppfinning?

Guðrún: „Hún er það að nokkru leyti en ekki öllu. Undirstöðuna, sem er forn, hef ég lært á námskeiðum, en síðan hef ég þreifað mig áfram og bætt við mínum eigin hugmyndum. Á tilraunatímanum var mikið af gripum sem brotnaði við brennsluna, en ég held að ég sé búin að finna út núna hvernig best er að

Bílbelti.....

Bílbelti hafa marg sinnis sannað gildi sitt. Verslunarmannahelginni er lokið. Lengst af leit svo út, að hún myndi að þessu sinni líða án stórslysa. En mánudagurinn 3. ágúst varð svartur dagur. Tvö banaslys urðu þann daginn. Annað varð á Skarðsströnd er jeppi valt og ökumaður kastaðist út úr bílnum ásamt farþeganum. Sá fyrrnefndi lét lífið. Í Rangárvallasýslu valt bíll og fjórir af fimm köstuðust út. Farþegi lét lífið, ökumaður slasaðist mest aðrir minna. Minnst slasaðist eini farþeginn sem var í bílbelti.

Í báðum þessum hörmulegu slysum sem leiddu til bana eins úr hvorum bíl var aðeins einn í öryggisbelti, sá sem slapp minnst meiddur. Í umferðarslysi austur á landi og í Norðurárdal slapp fólk betur enda í beltum. Að vísu valt farartæki móður með barn vegna þess að hún var að sinna því. Slíkt á ekki að gera á akstri. En á Landveginum var um ungt fólk að ræða. Það var að koma af Bindindismóti í Galtalæk. Aðeins einn notaði bílbelti!

Hefur fólk ekki lært og skilið? Öryggisbelti í bifreiðum eru ódýrasta vörnin ef illa fer. Koma þarf í veg fyrir slys. Takist það ekki á fólk að nota þau sjálfsögðu hjálpartæki sem bjóðast. Árum saman voru til sérvitringar, sem töldu öryggisbelti í bílum af hinu illa. Allir sjá í dag gagnsemina. En samt dugar það ekki til að opna augu fólks. Það vekur furðu að ungt fólk noti ekki bílbeltin.

Verst af öllu er að þurfa stöðugt að fá sönnun fyrir gagnsemi beltanna með því að missa fólk í dauðann. Enn er minnt á þau tvö tilvik sem gerð voru að umræðuefni hér fyrir nokkrum vikum, dauðaslys í Hrútafirði og slys, sem hafði í för með sér meiðsl í Skötufirði.

.....og hraðakstur

Sú spurning vaknar hvort og þá hverju sé ábótavant í uppeldi og fræðslu ungra ökumanna. Vart verður því trúað að virðingarleysi fyrir lífi sjálfs sín og annarra ráði för. Enginn er svo góður bílstjóri að það geti ekki hent hann óhapp. Óhöpp eru slæm, eignatjón er vont en meiðsl og örkuml fólks eru skelfileg, að ekki sé talað um dauða. Reka verður harðan áróður fyrir bílbeltanotkun.

Margir hafa fylgst agndofa með vandræðagangi lögreglu vegna nýrrar reglugerðar um hraðakstur og sektir og ökuleyfissviptingu á grundvelli þeirrra. Í raun er allt tal um mannréttindi í sambandi við ökuhraða mjög tvíbent. Vissulega eiga allir rétt á því að hljóta réttláta málsmeðferð fyrir dómi. En dómstólar senda frá sér þau skilaboð til almennings að það séu mannréttindi að aka of hratt miðað við hraðatakmarkanir. Og ökufantarnir eru tilbúnir til þess að taka undir þá mannréttindabaráttu.

Deila má um það hvort rétt sé að hraðakstur í þeim mæli sem hin nýja reglugerð segir til um skuli hafa í för með sér ökuleyfissviptingu. Ljóst er einnig að miklu eðlilegra verður að teljast að svokallaðri bráðabirgðasviptingu verði ekki beitt nema í undantekningartilfellum. Taka má undir það sjónarmið dómstóla að heimild til þess að svipta ökumann ökuleyfi sé skýr og óumdeilanleg. Best er að setja ákvæði í lög og takmarka svo sem unnt er möguleikann á því að hártoga orðalag laganna.

Hér með er skorað á alþingismenn að taka af skarið. Setjið lög sem auðvelda lögreglu og dómstólum störfin og vernda þann stóra hóp sem er í umferðinni og hlýðir lögunum. Stærstur hluti ökumanna í hópi kjósenda eru ökumenn sem hlýða lögunum. Þeir þarfnast verndar fyrir ökuþórum sem styðja þá mannréttindabaráttu sína að aka eins og villimenn við úrskurði dómara um allt land.

Mannréttindi örfárra til að haga sér eins og villimenn í umferðinni geta ekki verið mannréttindi fjöldans.

Snjóflóðavarnir

Mönnum eru enn í fersku minni snjóflóðin, sem féllu á Vestfjörðum 1995 og reyndar árið 1994. Í framhaldi af þeim hefur verið unnið markvisst að snjóflóðavörnum. Safnað hefur verið gögnum um snjóflóð á Vestfjörðum og víðar. Margt nýtt hefur komið í ljós. Þegar rannsókn hófst reyndust snjóflóð miklu fleiri en áður var talið. Veðurstofa Íslands hefur sett upp skipulag til að spá fyrir um aðstæður sem kunna að hafa í för með sér snjóflóð. Byggður hefur verið mikill snjóflóðavarnargarður ofan byggðar á Flateyri, ný byggð hefur risið í Súðavík og hús keypt upp í svokölluðu Teigahverfi í Hnífsdal.

Það vekur því undrun þegar kvisast að fólk hafi keypt sér hús í umræddu hverfi með það að markmiði að búa þar allt árið. Slíkt er ólíðandi fyrir alla. Hið opinbera tekur að sér að tryggja eftir því sem kostur er, að fólk þurfi ekki að búa við þær aðstæður að yfirgefa hús sín í hvert skipti sem snjóflóðahætta er talin vofa yfir, hvað þá að fólk búi við þá hættu að snjóflóð falli. Nægir að rifja upp það sem gerðist í fyrra í Bolungarvík. Snjóflóð valda skaða þótt lítil séu og ekki talin fyrirsjáanleg.

Að auki sýnist hin margrómaða jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulaganna brotin. Það eru því álíka gáfuleg mannréttindi að fólki líðist að búa í húsum, sem keypt hafa verið upp í stað þess að byggja snjóflóðavarnir, og mannréttindi ökuþóranna sem virða ekki hraðatakmarkanir umferðarlaga.

Þó má ekki gleyma að dauðatollur umferðarinnar er nánast eingöngu af mannavöldum. Náttúran ræður snjóflóðunum. Það eru mannréttindi að tryggja öryggi í umferðinni.

Stakkur.

gera þetta.“

– Aðrir listamenn hafa ekki beðið Árna að búa til ofna fyrir sig…

Árni: „Við höldum þessu alveg fyrir okkur. Aðferðin er ekki gefin upp!“

Heima á Ísafirði

– Komið þið oft í heimsókn austur um haf?

Guðrún: „Ég hef ekki komið heim til Ísafjarðar í fjögur ár og mér finnst það ansi langur tími. Ég vildi koma heim á hverju ári. En fólkið okkar hefur verið duglegt að heimsækja okkur og við erum mjög ánægð með það.“

Árni: „Ég hef að vísu komið hingað síðustu árin af sérstökum tilefnum, ýmist ánægjulegum eða sorglegum, en síðast kom ég hingað að sumarlagi fyrir fjórum árum.“

– Sérðu miklar breytingar hér?

„Mér þykir hafa orðið mikil breyting á bænum til hins betra. Hann er mjög fallegur og snyrtilegur og ber því vitni að fólki finnst vænt um hann. Ég er sérstaklega ánægður með hvað hefur verið gert fyrir mörg af eldri húsunum hérna á Eyrinni. Silfurtorgið er stórglæsilegt. Uppfyllingarnar hérna niður frá skapa mikið pláss fyrir byggingar og vonandi atvinnustarfsemi. En það sem stingur dálítið í auga, er að mér þykir ekki alltaf vera nógu vel unnið þar sem gamalt mætir nýju. Stundum er eins og punktinn vanti yfir i-ið. Mér finnst nýja kirkjan afskaplega fallegt hús. Það voru miklar deilur um staðarvalið, en nú hygg ég að almennt séu menn sáttir á niðurstöðuna. En þegar maður gengur framhjá kirkjugarðsveggnum við Hafnarstrætið, þá stingur hann alveg í stúf við hina nýju byggingu. Það eru hlutir af þessu tagi sem þarf að ganga í og laga.

Leitt er að sjá, hvernig farið hefur verið með minnisvarðann um Ragnar H. Ragnar heitinn. Mér finnst afskaplega erfitt að horfa upp á þetta og ég vona að þeir sem eiga að sjá um þetta taki tillit til þessara orða og bæti það sem skemmt hefur verið. Auk þess væri þessi minnisvarði ef til vill betur settur á litlu hringtorgi í snyrtilegum gangvegi frá Hafnarstræti að gamla sjúkrahúsinu, nýja safnahúsinu, í staðinn fyrir að hafa hann á leikvangi krakkanna.“

Oddi Printing Corporation

– Öðru hverju hefur maður spurnir í fjölmiðlum af þínu starfi ytra, Árni. Þú rekur þar og stjórnar prentsölufyrirtæki, Oddi Printing Corporation, og virðist ganga vel, af fréttum að dæma. Enda þótt þú sért hér aðeins „fylgifiskur“ verður ekki undan því vikist að spyrja þig um þín störf vestra…

„Jú, það gengur vel. Prentsmiðjan Oddi á fyrirtækið, en ég rek það. Við prentum bækur fyrir Bandaríkjamarkað og erum þar í mjög harðri samkeppni, bæði við fyrirtæki í Evrópu, í Austurlöndum nær og fjær og í Bandaríkjunum sjálfum. Við teljum okkur bjóða meiri gæði og betri þjónustu en gengur og gerist, á samkeppnishæfu verði við flesta og afgreiðslufresturinn hjá okkur er styttri en nær allra erlendra fyrirtækja. Þetta allt í sameiningu stuðlar að því, að okkur gengur býsna vel. Við höfum mikinn stuðning frá Odda hér heima, en það fyrirtæki er eitt af hinum best reknu á Íslandi og undir stjórn manna sem hafa yfirsýn og skilning á markaðnum. Þeir vita að það tekur tíma að hasla sér völl og skapa sér nafn fyrir hágæða prentverk í Bandaríkjunum. Viðfangsefnin eru einkum sýningarskrár fyrir gallerí og söfn og ýmiskonar listaverkabækur. Í viku unni áður en við komum hingað heim vorum við að skila af okkur tveimur fjörutíu feta gámum með þremur bókatitlum til eins aðila sem er mjög góður viðskiptamaður okkar. Ein þessara bóka er yfirlitsbók um rússneska málaralist á ákveðnu tímabili. Önnur er safn gamalla póstkorta frá safni í New York og sú þriðja er málverkabók fyrir eitt stærsta „public relations“-fyrirtæki í veröldinni, Ruder-Finn. Annar eigandi þessa fyrirtækis heitir David Finn og málar í frístundum. Þessi bók er myndlist hans við eitt ákveðið ljóð. Við erum að vona að með prentun þessarar bókar séum við að opna gættina til frekari viðskipta við þetta mikla almannatengslafyrirtæki.

Einmitt í dag er að hefja störf hjá okkur maður sem er ráðinn sérstaklega til þess að selja framleiðslu Umbúðamiðstöðvarinnar, þ.e. öskjur undir margvísleg matvæli, snyrtivörur og annað slíkt, hliðstæðar þeim sem eru notaðar undir fiskinn okkar. Þetta er því tímamótadagur hjá okkur, enda þótt nú sé frídagur verslunarmanna á Íslandi!“

Edinborgarhúsið

– Hvernig líst ykkur á Edinborgarhúsið í dag? Hvernig líst ykkur á þá hugmynd, sem ýmsum þótti fráleitt fyrir nokkrum árum að yrði nokkru sinni að veruleika, að hér yrði listamiðstöð?

Guðrún: „Mér finnst þetta alveg stórkostleg hugmynd og gott framtak. Þessi salur er ákaflega skemmtilegur og býður upp á góðar sýningar.“

Og við höldum áfram að ganga um þennan nýja sal í húsinu gamla og snerta verkin. Huldufólkið lifnar í steinunum og stígur dans. Hvítserkur er kominn heim frá Ameríku.

Víkingaskipin minna á landafundi norrænna manna fyrir þúsund árum. Guðrún Halldórsdóttir er og verður Íslendingur og þó fyrst og fremst Ísfirðingur. Hún skapar sér (og öðrum) sitt Ísland í Ameríku.

– Hlynur Þór Magnússon.

Listakonan Guðrún Halldórsdóttir við tvö verka sinna á sýningunni í Slunkaríki og í Edinborgarhúsinu.

Ísafjörður

Gamalt hús tekur stakkaskiptum

Eitt af gömlu og myndarlegu húsunum sem svo lengi hafa sett svip á Ísafjarðarkaupstað er Aðalstræti 16, við hliðina á pósthúsinu, byggt árið 1880. Eigendur þess nú eru systurnar Dagný og Sigríður Þrastardætur og eiginmenn þeirra, Halldór Antonsson og Lárus Valdimarsson, og á jarðhæðinni reka þau Dagný og Halldór Rammagerð Ísafjarðar. Þessar vikurnar er húsið að taka algerum stakkaskiptum til hins betra, eins og fleiri gömul hús á Eyrinni. Halldór Antonsson er húsasmíðameistari og í fyrsta lagi er hann að gera við smávægilegar fúaskemmdir, en auk þess skiptir hann um alla klæðningu á húsinu eins og hún leggur sig. Einnig þarf hann að endurbyggja skúr á bakvið húsið, svo og tengibyggingu milli hússins og skúrsins.

Framkvæmd af þessu tagi er geysidýr, en Húsafriðunarsjóður hefur veitt nokkurn styrk til hennar, enda er hér um friðað hús að ræða að verulegu leyti, þ.e. útlit, verslunarinnréttingar, bitaloft og fulningar. Jarðhæðin hefur nær alla tíð verið verslunarhúsnæði af einhverju tagi, m.a. var þar lengi olíuverslun og bensínstöð fyrir utan. Auk þess voru íbúðir í húsinu og m.a. er Halldóra Eldjárn fyrrverandi forsetafrú alin þar upp. Síðast var húsið í eigu Pósts og síma, sem var þar með lager og skrifstofur.

Halldór stefnir að því að klára húsið að utan í haust.

Aðalstræti 16 verður á ný með fallegustu gömlu húsum á Ísafirði þegar framkvæmdum lýkur. Til vinstri á myndinni er nýi tíminn við hlið þess gamla – móttökudiskar Landssímans á mastri.

Vesturbyggð

Sýslumaður fær ofanígjöf

Sýslumaðurinn á Patreksfirði, Þórólfur Halldórsson, hefur fengið ofanígjöf frá félagsmálaráðuneytinu, sem telur það ámælisverð vinnubrögð að hafa ekki fylgt réttum formreglum við utankjörfundaratkvæðagreiðslu í heimahúsi og á sjúkrahúsi við sveitarstjórnarkosningarnar í Vesturbyggð í vor. Hins vegar telur ráðuneytið, að umræddir ágallar hafi ekki haft áhrif á úrslit kosninganna og verður hún því ekki endurtekin.

Kjósandi á Patreksfirði kærði framkvæmd kosningarinnar og krafðist þess að hún yrði endurtekin. Sýslumaður var kjörstjóri við utankjörfundaratkvæðagreiðslu en jafnframt varamaður í uppstillingarnefnd Sjálfstæðisfélagsins á Patreksfirði og taldi kjósandinn að augljós tengsl kjörstjórans við ákveðið framboð hefðu haft óeðlileg áhrif á kosninguna. Í úrskurði félagsmálaráðuneytisins segir, að sú staða að kjörstjóri við utankjörfundaratkvæðagreiðslu sé virkur í stjórnmálastarfi en sjái jafnframt sjálfur um atkvæðagreiðslu í heimahúsi og á sjúkrahúsi geti verið óheppileg.

Bolungarvík

Elísabetu og Einari reistur minnisvarði

Minnisvarðinn er hlaðinn úr grjóti innan úr Skötufirði og minnir á hinar fornu hleðslur bændanna þar.

Minnisvarði sem bæjarstjórn Bolungarvíkur lét að reisa hjónunum Elísabetu Hjaltadóttur og Einari Guðfinnssyni var afhjúpaður sl. sunnudag sunnan við Félagsheimilið í Bolungarvík, þar sem kominn er vísir að gróðurreit og útivistarsvæði Bolvíkinga. Minnisvarðinn heitir GrjóTThlað og er hannaður af Jóni Sigurpálssyni myndlistarmanni, en á honum er lágmynd af þeim hjónum Elísabetu og Einari eftir listakonuna Ríkeyju Ingimundardóttur.

Minnisvarðinn GrjóTThlað er hlaðinn úr grjóti innan úr Hvítanesi, æskuslóðum Einars Guðfinnssonar, og fyrirmyndin eru hlaðnir garðveggir í landi Litlabæjar í Skötufirði, þar sem Einar fæddist, en sá staður var honum alltaf mjög kær. Guðjón Kristinsson frá Dröngum annaðist hleðslu minnisvarðans ásamt aðstoðarmönnum.

Áletrun minnisvarðans hefst á hinum frægu orðum Einars Guðfinnssonar: „Ég erfði ekki fé, ég erfði dyggðir.“ Tvö elstu börn Elísabetar og Einars, þau Guðfinnur og Halldóra, afhjúpuðu listaverkið, en fyrir hönd bæjarstjórnar flutti Ásgeir Þór Jónsson ávarp.

Á síðasta hausti ákvað bæjarstjórn Bolungarvíkur að minnast þeirra hjóna, Elísabetar og Einars, í tilefni aldarafmælis Einars hinn 17. maí sl., og var skipuð nefnd til að koma með tillögur um hvernig þessara tímamóta yrði minnst. Ákveðið var að reisa þeim minnisvarða, en einnig að setja upp sérstaka „Einarssýningu“ í tengslum við opnun Náttúrustofu og Náttúrugripasafns Bolungarvíkur og bjóða jafnframt til hátíðardagskrár í Félagsheimili Bolungarvíkur, og var það gert á afmælisdaginn 17. maí og fjölmenntu bæjarbúar til að heiðra minningu þeirra hjóna.

Einar Guðfinnsson var fyrsti og eini heiðursborgari Bolungarvíkurkaupstaðar og var það þakklætisvottur Bolvíkinga fyrir margvísleg störf hans á sviði atvinnu-, menningar- og félagsmála. Hann þáði þann virðingarvott með því lítillæti sem honum var eiginlegt. Saga Einars er samofin sögu Bolungarvíkur á þessari öld. Undir forystu hans byggðist bærinn upp og varð að því sem hann er nú. Einhverja mestu uppgangstíma byggðarlagsins má rekja til framkvæmda sem Einar Guðfinnsson og fyrirtæki hans stóðu fyrir. Einar átti sæti í hreppsnefnd Hólshrepps í 31 ár, eða frá 1927 til 1958, og var oddviti hreppsnefndar síðustu fjögur árin.

Börn Einars og Elísabetar við minnisvarðann. Frá vinstri: Guðfinnur, Halldóra, Hjalti, Hildur, Jónatan, Guðmundur Páll, Jón Friðgeir og Pétur Guðni.

Elstu börn Einars og Elísabetar, þau Guðfinnur og Halldóra, afhjúpa minnisvarðann að viðstöddum fulltrúa bæjarstjórnar Bolungarvíkur, Ásgeiri Þór Jónssyni, sonarsyni Einars og Elísabetar.

Hjónin Hildur Einarsdóttir og Benedikt Bjarnason ásamt sonum sínum, þeim Einari, Bjarna og Ómari.

Fjölmenni var viðstatt athöfnina á flötinni við Félagsheimilið í Bolungarvík.

Það var líf og fjör í götupartíinu í Fagraholti.

GÖTUPARTÍ Í FAGRAHOLTI

Íbúar við Fagraholt á Ísafirði efna til samkomu í götunni sinni á hverju sumri, grilla og skemmta sér, bæði börn og fullorðnir, og er þar ýmislegt til gamans gert. Meðal hefðbundinna atriða er svuntukeppni yfirgrillaranna og eru veitt glæsileg verðlaun sem sigurvegarinn skal bera við hátíðleg tækifæri fram að næstu samkomu.

„Mjólk er góð“ – má bjóða smásopa?

Yfirgrillararnir í Fagraholtinu með svunturnar sínar. Talið frá vinstri: Pétur Sigurðsson, Oddur Elíasson, Elías Oddsson, Arnór Jónatansson, Óli Reynir Ingimarsson, Jóhann Jónasson, Einar Ingvarsson og Gunnar Arnórsson.

Sigurvegarinn í svuntukeppninni í Fagraholti 1998, Arnór Jónatansson, með verðlaunin – höfuðprýði sem hann á að bera við hátíðleg tækifæri fram að næstu keppni.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Gullfallegir **hvolpar** fást gefins. Sími 456 7153.

Toyota Corolla ´88 til sölu. Verð kr. 200 þús. stgr. Sími 456 6231.

Til sölu 10 manna **Zodiac** með 15 ha nýjum utanborðsmótor. Einnig **Lada** Sport ´89 og ný súðbyrt skekta, 11 feta löng. Uppl. í síma 456 3663 eftir kl. 19 á kvöldin.

Lítil ekinn og vel með farinn **Daihatsu** Charade til sölu. Uppl. veitir Milla í síma 456 3261 eða 897 6709.

Til sölu Mitsubishi **Galant** GLSi árg. ´90, fallegur bíll í toppstandi. Skipti á ódýrari möguleg. Uppl. í síma 456 7317.

Til sölu Yamaha **píanó** á kr. 170 þús. Uppl. í síma 456 7335.

Ánamaðkar til sölu. Upplýsingar í síma 456 8172.

Hjartagangan er á laugardaginn, 8. ágúst. Sjá götuauglýsingar. Á Ísafirði verður farið frá sjúkrahúsinu kl. 14.00. Fjölmennum. Stjórnin.

Fjögurra manna fjölskyldu vantar 3-4ra herb. **íbúð á leigu** á Ísafirði frá 1. sept. Sími 587 5164.

Til leigu frá 1. sept. 4ra herb. lítið einbýlishús við Seljalandsveg. Upplýsingar í síma 456 4101.

Til sölu **MMC Lancer** ´97 í toppstandi. Á sama stað til sölu stórt hústjald. Upplýsingar í síma 456 7741.

3ja herb. **íbúð til leigu** að Seljalandsvegi 71, Ísafirði. Uppl. í síma 456 3803.

Til sölu er Luxus **sófasett**, 2ja ára gamalt. Nýtt er á 300 þús. Tilboð óskast. Einnig kojur, borðstofuborð, stólar og rúm. Uppl. í síma 456 5337.

Roussel **bakpoki** með sundfatnaði er í óskilum í Gamla bakaríinu.

Dagmamma óskast! Okkur vantar dagmömmu fyrir 14 mánaða gamlan strák, eftir hádegið frá 1. sept., helst á Eyrinni. Uppl. í síma 456 5270.

Til sölu er falleg 4ra herb. 121 ferm. íbúð ásamt bílskúr á Eyrinni á Ísafirði, nýlega uppgerð. Laus strax. Uppl í síma 567 8121.

Messað verður að Stað í Grunnavík sunnudaginn 9. ágúst. Prestur séra Agnes Sigurðardóttir. Fagranesið fer frá Ísafirði kl. 10.00. Munið að panta far. Komið vel klædd og með nesti. Allir eru velkomnir. Grunnvíkingafélagið.

Foreldrar athugið! Ég er 14 ára stelpa sem vantar barn/börn á aldrinum 3ja ára og yngri til að passa í ágúst og í vetur með skóla. Uppl. í síma 456 4494.

Til sölu húseignin Tangagata 6, að mestu endurnýjuð að utan. Uppl. í síma 456 4403 (Halldór).

Til sölu eru tveir **páfagaukar** og búr. Upplýsingar í síma 456 7559.

Til sölu er **rafmagnshitatúpa**, 90 lítra, 12 kw. Upplýsingar í síma 456 4797 og 854 8635.

Ótrúlegt en satt! Billinn minn, Nissan Sunny árg. 1992 er að leita að nýjum eiganda. Billinn er ekinn 92 þús. km. og hann er fallegur, vel með farinn og reyklaus. Frábær bíll á frábæru verði. Upplýsingar gefur Margrét í síma 456 3598.

AUGLÝSINGAR OG ÁSKRIFT SÍMI 456 4560

Óli M. Lúðvíksson skrifstofustjóri hjá Sýslumannsembættinu á Ísafirði og fjölskylda hans byggðu þennan veglega kastala.

Önundarfjörður

BYGGT Á SANDI – OG ÚR SANDI

Sandkastalakeppnin að Holti í Önundarfirði hefur unnið sér fastan sess á laugardaginn um verslunarmannahelgi ár hvert. Frumkvöðull hennar og umsjónarmaður er Guðmundur Björgvinsson á Flateyri en Sparisjóður Önundarfjarðar gefur verðlaunin, sem eru brons, silfur, gull og bikar. Þrátt fyrir nafnið er margt fleira skapað úr sandinum en kastalar og þar á meðal leit hvalurinn Keikó dagsins ljós í Holtsfjöru að þessu sinni, að sjálfsögðu í höndum fjölskyldu úr Vestmannaeyjum. Vestfirðingar héldu sig öllu frekar við húsagerðina, og var komist svo að orði, að þarna kæmi fram hyggjuvit Vestfirðinga en draumar Vestmannaeyinga. Þátttakendur voru milli 250 og 260, alls staðar af landinu, og alls voru sköpuð 64 verk í keppninni í ár, stærri og veglegri en nokkru sinni fyrr. Að sögn Guðmundar Björgvinssonar er algengt að börnin byrji verkið, en þegar á líður koma foreldrarnir gjarna til skjalanna, leggjast á hnén í sparifötunum og blankskónum, ýta krökkunum frá og gleyma bæði stað og stund.

Hvalurinn Keikó orðinn að sandlistaverki.

Horfur á föstudag og laugardag:
Hæg suðvestlæg eða breytileg átt og súld eða rigning víða um land, einkum sunnan- og vestanlands.
Hiti 11-16 stig.

Horfur á sunnudag:
Fremur hæg suðlæg eða breytileg átt og skýjað en þurrt vestanlands, en bjart veður austan til. Hlýnandi veður, einkum suðvestan lands.

Á mánudag og þriðjudag:
Suðlæg átt með vætu víða um land, en fremur hlýju veðri.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

HELGAR sjónvarpið

FIMMTUDAGUR

13.00 Morgunverður á Tiffany's
14.50 Ein á báti (9:22)
15.35 Mótorsport (e)
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Sögur úr Andabæ
16.50 Simmi og Sammi
17.15 Eðlukrílin
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Gæludýr í Hollywood (9:10)
20.40 Bramwell (7:10)
21.35 Ráðgátur (21:21)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 New York löggur (14:22)
23.40 Morgunverður á Tiffany's
01.30 Nostradamus (e)
Víðfræg bíómynd um mesta spámann allra tíma, Nostradamus. Við kynnumst persónunni og spádómum sem hafa ræst. Fjallað er ítarlega um ævi Nostradamusar, baráttu hans við rannsóknarréttinn og kirkjunnar menn, auk þess sem brugðið er ljósi á hörmulega framtíðarsýn sem kvaldi manninn alla tíð.
03.30 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

13.00 New York löggur (14:22) (e)
13.45 Watergate-hneykslið (1:5)
Ný bresk heimildarþáttaröð í fimm hlutum um mesta pólitíska hneykslismál allra tíma í Bandaríkjunum. Fjallað er um Watergate-hneykslið sem varð til þess að Richard Nixon lét af embætti sem forseti Bandaríkjanna 9. ágúst 1974.
14.35 Blur - nyrst í norðrið (e)
15.35 Punktur.is (10:10) (e)
16.00 Skot og mark
16.25 Sögur úr Andabæ
16.45 Töfravagninn
17.10 Glæstar vonir
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag (e)
18.00 Fréttir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan, ég minnkaði börnin
21.00 Harry og Henderson-fjölskyldan
Henderson-fjölskyldan er venjuleg amerísk fjölskylda sem skellti sér í útilegu einn góðan veðurdag. Í ferðinni fann fjölskyldan "Stóra fót" sem hún hélt að væri dáinn svo þau tóku hann með sér heim. Þegar þangað var komið lifnaði "Stóri fótur" við og þá fór af stað ótrúleg atburðarrás. Þau urðu að halda fundinum leyndum fyrir þeim sem hugsanlega myndu vilja hann feigan. Skemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna.
22.55 Lausnargjaldið
Aðalpersónan er auðugur kaupsýslumaður sem fer sínar eigin leiðir í viðskiptaheiminum. Hann lifir draumalífi, á fallega konu, yndislegt barn og íbúð á besta stað. Þegar hann lendir í því að syni hans er rænt og hann krafinn um lausnargjald tekur hann málin í sínar hendur. Hann ætlar sér að bjarga drengnum, hvað sem það kostar.
01.00 Í bráðri hættu (e)
03.05 Ljóti strákurinn Bubby (e)
04.55 Dagskrárlok

HELGAR veðrið

HELGAR sportið

LAUGARDAGUR

09.00 Eðlukrílin
09.10 Bangsar og bananar
09.15 Sögur úr Broca stræti
09.30 Bibí og félagar
10.25 Aftur til framtíðar
10.50 Heljarslóð
11.10 Ævintýri á eyðieyju
11.35 Úrvalsdeildin
12.00 Sjónvarpsmarkaður
12.15 NBA molar
12.45 112 - Neyðarlínan
12.55 Hver lífsins þraut (4:8) (e)
13.35 Undrasteinninn (e)
(Cocoon)
Skemmtileg mynd um ellilífeyrisþega á Flórída í Bandaríkjunum sem uppgötva leið til viðhalda æskublómanum!
15.30 Ástríkur í útlendingaherdeildinni (e)
16.50 Furðusaga (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (1:25)
20.35 Bræðrabönd (14:22)
21.10 Ástin er blind
(Crazy in Love)
Áhrifarík mynd um þrjár kynslóðir kvenna, systra, móður þeirra og ömmu. Georgie er kona sem í fljótu bragði virðist lifa fullkomnu lífi, er þekkt í fjölmiðlaheiminum og á náið samband við fjölskylduna. Systir hennar er Clare húsmóðir sem lifir fyrir börnin sín. Mamman heitir Honora og er höfðuð ættarinnar. Einnig kynnumst við ömmunni Pem sem lifir sig inn í löngu liðna tíma.
22.45 Skothylki
(Full Metal Jacket)
Það hafa margar myndir verið gerðar um Vítnam stríðið og það er óhætt að segja að þessi sé sú allra besta. Private Joker er 18 ára nýliði í hernum sem byrjar í æfingabúðum fyrir nýliða en er sendur á vígvöllinn í Víetnam.
00.45 Perez-fjölskyldan (e)
(The Perez Family)
02.35 Undrasteinninn (e)
(Cocoon)
04.30 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.25 Bangsi litli
09.35 Másí makalausi
10.00 Svalur og Valur
10.25 Andinn í flöskunni
10.50 Frank og Jói
11.10 Húsið á sléttunni (12:22)
12.00 Góðgerðarskjöldurinn
(Charity Shield)
Bein útsending frá Wembley knattspyrnuleikvanginum.
14.00 Lois og Clark (11:22) (e)
14.45 112 - Neyðarlínan
14.55 Hringekjan
(Carousel)
17.00 Drengurinn sem gat flogið
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (22:22)
20.35 Rýnirinn (11:23)
21.05 Seinheppnir sölumenn
(Tin Men)
Hér segir frá tveimur sölumönnum sem hefðu getað orðið bestu vinir en verða þess í stað erkifjendur sem eyða mestum tíma sínum í að bregða fæti hvor fyrir annan.
23.05 60 mínútur
23.55 Wyatt Earp (e)
Bandarísk stórmynd um þjóðsagnarpersónuna Wyatt Earp sem tók sér á hendur að temja villta vestrið. Hann var lögfróður og sérdeilis góð skytta sem allir byssubófar óttuðust.
Aðalhlutverk: Dennis Quaid, Gene Hackman, Kevin Costner og Mark Harmon.
03.00 Dagskrárlok

Hress ungmenni að loknu góðu dagsverki.

Þegar keppt er til verðlauna verða öll smáatriði að vera í lagi. Þessir kastalasmiðir lögðu mikla vinnu í smíðina.

Afmæli

80 ára

Sunnudaginn 9. ágúst verður Anna Sólveig Bjarnadóttur, Hlíf I, á Ísafirði áttræð.

Hún tekur á móti gestum á heimili sonar síns að Góuholti 11 eftir kl. 15 á afmælisdaginn.

Minnis-varði Fjalla-Eyvindar

Í framhaldi af frétt blaðsins í síðustu viku um fyrirhugaðan minnisvarða Fjalla-Eyvindar og Höllu á Hrafnfjarðareyri, vill Konráð Eggertsson koma því á framfæri, að þeir sem vilja taka með einhverjum hætti þátt í þessu framtaki eða leggja því lið, hafi samband við hann eða Guðna Ágústsson alþingismann.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - föstudaga
frá kl. 13:00-23:30,
laugardaga kl. 11:00-23:30
og sunnudaga kl. 14:00-23:30



Nýir diskar
Flugan
Pottþétt 12
Sykurmolarnir
Páll Óskar og
Casino
Grease
Björk

Nýjar myndir
Jackie Brown
Sex leikmenn á höttunum eftir peningum. En hver leikur á hvern?

The Borrowers
Litlar hetjur í miklum ævintýrum

Nýtt! - Nýtt!
DVD-diskar til leigu
Playstation tölvur og leikir, karaoke, sjónvörp og vídeó til leigu
Persónuleg þjónusta!

TV 1000 GERVIHNATTA sjónvarpið

FIMMTUDAGUR

13.25 Skjáleikurinn
16.25 Fótboltakvöld
Sýnt frá undanúrslitum í bikarkeppni karla kvöldið áður.
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Krói (14:21)
18.30 Undraheimur dýranna (4:13)
(Amazing Animals)
19.00 Loftleiðin (22:32)
(The Big Sky)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Frasier (20:24)
21.00 Melissa (2:6)
(Melissa)
22.00 Bannsvæðið (6:6)
(Zonen)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Fótboltakvöld
Sýnt frá undanúrslitum í bikarkeppni karla.
23.35 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR

13.25 Skjáleikurinn
16.25 Fótboltakvöld
Sýnt frá undanúrslitum í bikarkeppni karla kvöldið áður.
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (50:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Fjör á fjölbraut (8:14)
(Heartbreak High VI)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Sá gamli
(Old Man)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 gerð eftir sögu Williams Faulkners um fanga sem kallaður er til björgunarstarfa á bökkum Mississippifljóts á 3. áratugnum.
22.15 Næturævintýri
(Into the Night)
Bandarísk bíómynd í léttum dúr frá 1985 um mann sem kemur fagurri konu til hjálpar á neyðarstund.
00.10 Saksóknarinn (13:20)
(Michael Hayes)
Bandarískur sakamálaflokkur.
01.00 Útvarpsfréttir
01.10 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
13.00 Kappreiðar Fáks
Bein útsending frá seinni umferð á kappreiðum Fáks á Víðivöllum í Víðidal í Reykjavík. Keppnisgreinar eru 150 og 250 metra skeið og 350 og 800 metra stökk.
15.00 Skjáleikurinn
16.45 Auglýsingatími
17.00 Íþróttaþátturinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Rússneskar teiknimyndir
18.30 Kötturinn Felix
19.00 Strandverðir (9:22)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Lottó
20.40 Georg og Leó (14:22)
21.10 Kavanagh lögmaður - Dóttir sendiherrans
Bresk sjónvarpsmynd frá 1996 þar sem lögmaðurinn James Kavanagh tekur að sér málsvörn fyrir dóttur bresks sendiherra.
22.30 Borg gleðinnar
(City of Joy)
Bandarísk bíómynd frá 1992 sem byggð er á sögu eftir Dominique Lapierre og segir frá ungum bandarískum lækni í Kalkútta í leit að lífsfyllingu.
00.40 Útvarpsfréttir
00.50 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
11.00 Hlé
14.25 Skjáleikurinn
17.25 Nýjasta tækni og vísindi
Fjallað um fitubrennslu líkamans, endurvinnslu ónýtra bíla, vistvænan gítar, nýjung í augnaðgerðum, ótrúlega næman hjartsláttarnema og tölvunef. Umsjón: Sigurður H. Richter. Endursýning.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Reiðhjólið
(Liten skute - stor sykkel)
Leikin, norsk mynd fyrir börn.
18.15 Tómas og Tim (3:6)
Dönsk teiknimyndaröð um tvo stráka með líflegt hugmyndaflug.
18.30 Börn í Nepal (1:3)
Fjallatelpan
Dönsk þáttaröð um börn í Nepal.
19.00 Geimferðin (4:52)
20.00 Fréttir og veður
20.35 Emma í Mánalundi (12:26)
(Emily of New Moon)
21.25 Landið í lifandi myndum (2:5)
Á hala veraldar - síðari hluti
Önnur myndin af fimm í þáttaröð um náttúru, sögu og mannlíf á nokkrum afmörkuðum svæðum á Íslandi. Fyrstu þættirnir tveir fjalla um eyðingu byggðar á Hornströndum og í Jökulfjörðum.
22.20 Helgarsportið
22.40 Ræsið
(Kratka)
Pólsk sjónvarpsmynd frá 1996. Leiðir ungs pilts, sem flýr að heiman, og útigangsmanns í Varsjá liggja óvænt saman.
23.30 Útvarpsfréttir
23.40 Skjáleikurinn

Söluaðili gervihnattabúnaðar: Frum-Mynd, v/ Norðurveg Ísafirði, sími 456 4853

TV2 NORGE · TV3 D+N+S · TV DANMARK · KANAL 5 SVERIGE · MTV EUROPE · DR2 DANMARK · CNN USA · NRK 2 NORGE · NRK 1 NORGE · BBC PRIME ENGLAND · CARTOON TNT - USA · CANAL+ NORGE DANMARK

VILTU LÉTTAST UM 5, 10 EÐA 30 KG? EKKERT MÁL MEÐ HERBALIFE! UPPLÝSINGAR Í SÍMUM 898 9065 OG 456 7273

AUGLÝSINGAR OG ÁSKRIFT 456 4560
Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

LOTTÓ

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Vestfirðir

Útungunarstöð fyrir bæjarstjóra og sveitarstjóra

Í sumar hafa orðið mikil mannaskipti í stöðum bæjarstjóra og sveitarstjóra um land allt, eins og jafnan að loknum kosningum. Svo virðist sem það sé „inni“ þetta árið að sækja fólk í slíkar stöður til Vestfjarða. Þar má nefna, að nýráðinn bæjarstjóri Snæfellsbæjar er Kristinn Jónasson frá Þingeyri, liðlega þrítugur að aldri, sonur Jónasar Ólafssonar fyrrverandi sveitarstjóra á Þingeyri og bæjarstjóra í Ísafjarðarbæ. Þórunn Gestsdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar hefur verið ráðin sveitarstjóri í nýju, sameinuðu sveitarfélagi í Borgarfirði.

Stefán Jónsson, starfandi stjórnarformaður Skelfisks hf. á Flateyri hefur verið ráðinn sveitarstjóri í Dalabyggð og tekur hann við þeirri stöðu eftir mánuð, en á meðan gegnir starfinu Haraldur L. Haraldsson, fyrrum bæjarstjóri á Ísafirði.

Ísafjörður

Átta ár um borð í skútu

Bandaríska bátafólkið um borð í skútunni en slík farartæki hafa verið heimili þeirra síðustu átta árin. Á minni myndinni sést skútan við bryggju á Ísafirði.

Í Ísafjarðarhöfn hefur síðustu vikuna eða svo legið seglskúta, sem er heimili fimm manna fjölskyldu, bandarískra hjóna og þriggja barna þeirra. Hjónin lögðu upp frá Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna fyrir átta árum og hafa síðan ferðast um höf og álfur og búið um borð. Fjölskyldan hefur smátt og smátt verið að stækka, eins og gengur og gerist, og þess vegna fengu þau hjónin sér stærra „húsnæði“ fyrir tveimur árum, rétt eins og þeir gera sem búa í landi. Nýi farkosturinn er tíu metra langur en sá gamli var sjö metrar. Börnin eru tveggja, fjögurra og átta ára. Heimilisfaðirinn tók sjálfur á móti yngsta barninu um borð í skútunni.

„Jón Jónsson úti í bæ“ kom að máli við Bæjarins besta og lýsti furðu sinni á því að fólkið hefði verið rekið frá flotbryggjunni í Sundahöfn og yfir í gömlu höfnina, en þar er mjög hátt upp á bryggjuna þegar lágsjávað er og þarf að klöngrast á olíublautum bíldekkjum til þess að komast að og frá borði. Það geta varla talist mjög „barnavinsamlegar“ aðstæður. Auk þess getur aðstaðan til þess að binda bátinn þarna naumast talist viðunandi.

Þrátt fyrir þetta er fjölskyldan jafnvel að hugsa um að vera um kyrrt á Ísafirði í vetur, en einnig koma aðrir staðir til greina, svo sem Akureyri eða Flateyri, en þar fannst þeim fólkið einstaklega vinsamlegt. Fyrir veturinn er ætlunin að skoða sig um víðar kringum landið, þar á meðal að fara til Grímseyjar.

Veðurfarið á Íslandi þykir hinum víðförlu gestum nokkuð einkennilegt og duttlungafullt og veðurspár ótryggari en þeir eiga að venjast.

Haust-vörurnar streyma inn
vestur sport
Sími: 456 3602

DAEWOO
SAMSUNG
COBY
SONY
ATV
AIWA
PANASONIC
Frum-mynd Vídeóhöllin
Við Norðurveg • Sími: 456 4853

Tilboð opnuð í gerð snjóflóðavarnargarða við Seljaland á Ísafirði

Kostnaður áætlaður 350 milljónir

– „arfavitlaus framkvæmd“ segir Magni Guðmundsson, netagerðameistari og íbúi að Seljalandi

Opnuð hafa verið tilboð í hönnun á snjóflóðavarnargarði þeim (leiðigarði) sem fyrirhugað er að gera ofan við Seljaland í Skutulsfirði og greint var frá hér í blaðinu fyrir skemmstu. Lægsta tilboðið í hönnunina var frá Forverki ehf., um fimm milljónir króna, en ekki hefur enn verið ákveðið hvaða tilboði verður tekið. Áformað er að hefja framkvæmdir á næsta vori og er kostnaður áætlaður um 350 milljónir króna.

Garður þessi verður gríðarlegt mannvirki og ætlaður til þess að beina snjóflóðum frá Seljalandshverfinu í Tungudal. Hann verður 13-16 metra hár og um 40 metra breiður, en lengdin verður um 700 metrar, allt frá Seljalandsbænum og langleiðina upp undir Skíðheima. Garðurinn fer því yfir veginn upp að skíðaskála og munu þar verða göng í gegnum hann. Seljalandsbærinn stendur einmitt þar sem garðurinn á að beina snjóflóðum og er því ráðgert að flytja húsið brott.

Magni Guðmundsson í Netagerð Vestfjarða býr að Seljalandi ásamt eiginkonu sinni. Hann er andvígur gerð þessa garðs („alveg arfavitlaus framkvæmd“ eins og hann orðað það í samtali við Bæjarins besta) og telur hans enga þörf og auk þess verði hann til stórfelldra lýta, fyrir utan hinn gríðarlega kostnað. Magni bendir á, að vitað sé að bær hafi staðið á Seljalandi síðustu átta hundruð árin að minnsta kosti en aðeins sé vitað um eitt snjóflóð, sem féll fyrir rúmlega hálfri öld og tók með sér útihús. Núverandi bær á Seljalandi var byggður árið 1910. Ef hann verður látinn standa áfram er nauðsynlegt að breyta hönnun garðsins og myndi sú framkvæmd kosta um 20-30 milljónir króna.

Einnig segir Magni að alveg vanti að gerð sé grein fyrir forsendum þessarar framkvæmdar og spyr, hvar allur sá snjór eigi að komast fyrir í fjallinu sem þessum gríðarlega garði sé ætlað að taka við.

Magni gagnrýnir einnig að þessi framkvæmd hafi ekki verið kynnt, heldur hafi hann frétt á skotspónum að flytja eigi húsið hans í burtu.

1978-1998
2 fyrir 1 til Bandaríkjanna
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

OPNUNARTÍMI Í ÁGÚST!
Snyrtihús Sóleyjar
Hafnarstræti 9 • Sími: 456 5280
Opið alla virka daga
kl. 13:00 - 18:00

Elo
Sími: 456 4211
Þín verslun
SÚPERVÖRUR
SÚPERVERÐ!
BJÖRNSBÚÐ er opin alla virka daga frá kl. 9 til 23
Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10 til 23
...vestfirsk verslun!